

# **Rekstrarfélagið Braut ehf**

**Skýrsla um grænt bókhald  
svínabús í Brautarholti 2003**

1	Almennar upplýsingar um fyrirtækið og starfsemi þess	3
1.1	Almennar upplýsingar	3
1.2	Starfsleyfi	3
1.3	Þættir sem starfsleyfið gildir fyrir og færa á grænt bókhald yfir	3
1.4	Staðsetning	3
1.5	Framleiðsluferli	3
1.5.1	Gothús	3
1.5.2	Smágrísaeldi	4
1.5.3	Eldisgrísaeldi	4
1.5.4	Slátrun	4
1.5.5	Fóðrun og fráveita úrgangs	4
1.6	Stærð fyrirtækisins	4
1.7	Umhverfisþættir í grænu bókhaldi	4
1.8	Þátttaka starfsmanna að grænu bókhaldi	4
2	Umhverfisstefna Rekstrarfélagsins Brautar ehf	6
3	Lykiltölur	6
3.1	Framsetning	6
3.2	Takmarkandi ákvæði í starfsleyfi	6
3.3	Framleiðsla og fjöldi dýra	6
3.4	Hráefni, hjálparefni og auðlindir	7
3.4.1	Hráefni	7
3.4.2	Hjálparefni	7
3.4.3	Auðlindir	7
3.5	Umhverfisþættir	7
3.5.1	Mengunarþættir í framleiðsluferli og -vörum	7
3.5.2	Mengunarefni í frárennsli	7
3.5.3	Mengunarefni í útblæstri, lyktarmengun	8
3.5.4	Annar lífrænn úrgangur	8
3.5.5	Annar úrgangur	8
3.5.6	Mengunarefni	<b>8</b>

# 1 Almennar upplýsingar um fyrirtækið og starfsemi þess

## 1.1 Almennar upplýsingar

Nafn: Rekstrarfélagið Braut ehf  
Kennitala: 580696-2019  
Heimili: Dalshraun 9b, Hafnarfirði  
Starfsstöð: Brautarholt, Kjalarnesi  
Númer fyrirtækjaflokks: 6.6  
Tímabil sem grænt bókhald nær yfir: 1. janúar – 31. desember 2003

Stjórn Rekstrarfélagsins Brautar ehf: Jakob Bjarnason  
Helgi Sigurðsson

Tengiliðir græns bókhalds: Björgvin Jón Bjarnason, framkvæmdastjóri  
Jón Bjarni Jónsson, bústjóri

Athygli er vakin á því að rekstur svínabúsins var á höndum Svínabúsins í Brautarholti, kt 670586-1389 á tímabilinu 1. janúar – 11. desember 2003. Rekstrarfélagið Braut ehf annaðist rekstur búsins 12.-31. desember 2003. Skýrslan spannar allt árið 2003 óháð því hver rekstraraðili búsins var.

## 1.2 Starfsleyfi

Gildistími: 19. nóvember 2002 - 19. nóvember 2007  
Útgefandi: Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkurborgar.  
Eftirlitsaðili: Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkurborgar.

Sérstakt starfsleyfi gildir um starfsemi nýrra hreinsivirkja fyrir mykju. Gildistími hreinsivirkjanna er sá sami og fyrir aðra starfsemi búsins.

## 1.3 Þættir sem starfsleyfið gildir fyrir og færa á grænt bókhald yfir

Þauleldi svína með fleiri en 3.000 alisvín yfir 30 kg sbr grein 6.6. í reglugerð 851/2002.

## 1.4 Staðsetning

Svínabú Rekstrarfélagsins Brautar ehf er staðsett í Brautarholti á Kjalarnesi. Í beinni loftlínu er búið staðsett um 2 km frá Grundarhverfi á Kjalarnesi, 12 km frá Mosfellsbæ og í um 15 km frá Reykjavík.

## 1.5 Framleiðsluferli

Starfsemi svínabúsins felst í framleiðslu eldisgrísa til slátrunar. Helstu þættir í starfseminni eru gothús, smágrísaeldi, og eldisgrísaeldi.

### 1.5.1 Gothús

Í gothúsum eru grísir aldir frá fæðingu til 8-9 kg þunga. Þessi hluti eldisins tekur að jafnaði um 4 vikur. Grísir dvelja hjá gyltum í þessum hluta eldisins og eru aldir á mjólk auk fódurs.

### 1.5.2 Smágrísaeldi

Í smágrísaeldi eru grísir aldir allt til 25-30 kg þunga. Þessi hluti eldisins tekur að jafnaði um 7 vikur.

### 1.5.3 Eldisgrísaeldi

Í eldisgrísaeldi eru grísir aldir allt til 90-100 kg þunga. Þessi hluti eldisins tekur að jafnaði um 14-15 vikur. Heildareldistími er því að jafnaði um 25-26 vikur.

### 1.5.4 Slátrun

Við lok eldisgrísaeldis eru grísirnir fluttir til slátrunar. Að lokinni slátrun eru grísir fluttir til kaupenda.

### 1.5.5 Fóðrun og fráveita úrgangs

Á öllum stigum eldisins er um að ræða fóðrun og fráveitu úrgangs.

Svínabúið framleiðir eigin fóður í fóðurstöð sinni. Kornid er malað og því blandað í fóðurstöðinni, ásamt öðrum íblöndunarefnum. Þá er fóðurlöndunum dælt inn í svínahúsin í gegnum fóðurkerfi búsins.

Hreinsivirki er starfrækt við búið. Hreinsivirkið tekur við mykju úr flórum svínahúsanna og skilur að þurr- og blauthluta efnisins. Blauthluta er dælt á haf út en þurrhlutinn er borinn á tún í landi Brautarholts.

## 1.6 Stærð fyrirtækisins

Árið 2003 voru 9 fastráðnir starfsmenn við svínabú Rekstrarfélagsins Brautar ehf í Brautarholti.

Heildarframleiðsla svínabúsins á árinu 2003 var 14.782 dýr (grísir, gyltur).

## 1.7 Umhverfispættir í grænu bókhaldi

Í starfsleyfi svínabúsins í Brautarholti er kveðið á um starfsreglur og skilyrði vegna þeirra umhverfispátta sem helst eru taldir geta haft neikvæð áhrif á umhverfið.

Þættirnir eru:

- Umfang eldisins
- Söfnun, úrvinnsla og fráveita úrgangs frá svínahúsum
- Geymsla og förgun á lífrænum úrgangi

Í skýrslunni er lögð áhersla á að greina þessa þætti.

## 1.8 Aðkoma starfsmanna að grænu bókhaldi

Jón Bjarni Jónsson, bústjóri Rekstrarfélagsins Brautar ehf annast stærstan hluta gagnaöflunar varðandi grænt bókhald hjá fyrirtækinu. Hann heldur utan um magntölur varðandi eldsneyti, íblöndunarefni, hreinsiefni, ýmsar rekstrarvörur og smurefni, auk talna um slátrun. Bústjóri annast utanhald um fóðurnotkun og frárennsli frá svínabúinu. Jón Bjarni og Björgvin Jón Bjarnason, framkvæmdastjóri, önnuðust gerð þessarar skýrslu.

## 2 Yfirlýsing stjórnar Rekstrarfélagsins Brautar ehf


Stjórn Rekstrarfélagsins Brautar ehf staðfestir hér með þær upplýsingar sem fram koma í þessari skýrslu um Grænt bókhalds svínabús félagsins í Brautarholti.

Núverandi rekstraraðilar svínabús í Brautarholti tóku við rekstri 12. desember á sl ári. Svínabúið í Brautarholti ehf annaðist rekstur svínabúsins frá 1. janúar til 12. desember.


Frávik eru talin koma fram í umhverfismálum á árinu 2003 í rekstri búsins. Frávikin felast í meiri fjölda fullorðinna dýra, eldisgrísa og meiri framleiðslu en starfsleyfi búsins gerir ráð fyrir. Gripið hefur verið til ráðstafana til að færa þessa þætti til samræmis við skilyrði í starfsleyfi.

Reykjavík 30. ágúst 2004

Stjórn:



Framkvæmdastjóri:



### 3 Staðfesting endurskoðanda

Við höfum endurskoðað skýrslu Rekstrarfélagsins Brautar ehf. um grænt bókhald fyrir árið 2003. Skýrsla um grænt bókhald er lögð fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á skýrslunni á grundvelli endurskoðunarinnar.

Megintilgangur með endurskoðun okkar hefur verið að meta hvort skýrsla félagsins um grænt bókhald samræmist þeim kröfum sem gerðar eru í íslenskri löggjöf, þar með talið:

- að kanna hvort tölulegar upplýsingar í skýrslunni séu reiknaðar með áreiðanlegum hætti og settar fram í samræmi við þær aðferðir sem stjórnendur félagsins hafa skilgreint.
- hvort upplýsingarnar séu í samræmi við þær tölur sem sendar eru þeim aðila sem hefur eftirlit með starfsleyfi vegna mengunarmælinga.
- að kanna hvort skilyrðum í lögum og reglum varðandi innihald skýrslna um grænt bókhald sé fullnægt.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að skýrsla um grænt bókhald sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, spurningar til starfsmanna félagsins, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna tölulegar upplýsingar sem fram koma í skýrslunni. Í endurskoðuninni felst jafnframt mat á þeim aðferðum sem notaðar eru við gerð skýrslunnar.

Það er álit okkar að skýrsla Rekstrarfélagsins Brautar ehf. um grænt bókhald á árinu 2003 sé gerð í samræmi við lög og reglur um innihald skýrslna um grænt bókhald og að tölulegar upplýsingar í skýrslunni séu í samræmi við þær aðferðir sem þar er gerð grein fyrir.

Reykjavík, 30. ágúst 2004.

*KPMG Endurskoðun hf.*

*Sigrún Helga Sveinisd.*

## 2 Umhverfisstefna Rekstrarfélagsins Brautar ehf

Rekstrarfélagið Braut ehf hefur markað sér formlega stefnu í umhverfismálum. Helstu þættir umhverfisstefnunnar eru:

- Að starfa í sátt við umhverfið og náttúruna.
- Að haga starfsemi í samræmi við gildandi lög og reglur um umhverfismál og í samræmi við stefnu búsins.
- Að stuðla að nauðsynlegum umhverfisrannsóknum, mælingum, skráningu, ásamt mati á umhverfisáhrifum og birta niðurstöður.
- Að efla umhverfisvitund og áhuga starfsmanna á mikilvægi umhverfismála.
- Að vera leiðandi í að efla bestu venjur í starfsgrein búsins.

## 3 Lykiltölur

### 3.1 Framsetning

Í skýrslunni eru upplýsingar settar fram með tölulegum hætti í töflum. Leitast er við að hafa skýrsluna stutta og hnitmiðaða þannig að hún gefi auðveldu yfirsýn yfir stöðu umhverfisþátta í Grænu bókhaldi.

### 3.2 Takmarkandi ákvæði í starfsleyfi

Eftirfarandi þættir eru háðir takmörkunum í starfsleyfi svínabúsins:

Þáttur	Mörk
Fjöldi fullorðinna dýra	680
Fjöldi dýra í eldissvínahúsum	6.000
Heildarársframleiðsla (dýr)	12.000

Auk framangreindra ákvæða eru í starfsleyfinu skilgreind fjarlægðarmörk frá íbúðarhúsum, heilbrigðisstofnunum og skólum vegna dreifingar svínamykju. Þá er kveðið á um lágmarksgetu búsins til að safna mykju til dreifingar.

### 3.3 Framleiðsla og fjöldi dýra

Framleiðslumagn og fjöldi dýra sbr takmarkanir í kafla 3.2 eru eftirfarandi:

Þáttur	2003	Staða pr 31/7 2004
Meðalfjöldi fullorðinna dýra	756	614
Meðalfjöldi dýra í eldissvínahúsum	6.549	5.348
Heildarársframleiðsla (dýr)	14.900	

Að auki voru 470 grísir fluttir til áframeldis á öðrum búum. Grísirnir voru fluttir á brott við lok mjólkurskeiðs og komu aldrei inn í sláturgrísaeldi búsins. Grísirnir voru um 8-9 kg við flutninginn.

Fjöldi dýra á árinu 2003 var nokkuð yfir þeim mörkum sem starfsleyfið setur.

Í upphafi árs 2004 var farið í aðgerðir til fækkunar dýra á búinu. Fækkað hefur um ca 1.340 dýr á búinu frá meðaltali ársins 2003. Búið er því nú vel innan þeirra marka sem skilgreind eru í starfsleyfi þess.

### 3.4 Hráefni, hjálparefni og auðlindir

#### 3.4.1 Hráefni

Hráefni svínabúsins eru fyrst og fremst fôður, brauð og íblöndunarefni. Fóðrið samanstendur af heilu korni sem malað er í fôðurstöð búsins og brauði frá bakaríum. Íblöndunarefni eru m.a. vítamín og önnur bætiefni. Notkun hráefna var eftirfarandi:

<b>Þáttur</b>	<b>Magn (kg)</b>
Fóður	4.034.188
Brauð	480.000
Íblöndunarefni	122.024
Samtals	4.636.212

#### 3.4.2 Hjálparefni

Hjálparefni svínabúsins eru fyrst og fremst efni sem notuð eru sem íblöndunarefni í fôður og vatn handa svínunum. Þá er um að ræða bólusetningarefni og ýmis lyf sem notuð eru bæði til að fyrirbyggja sjúkdóma og til lækninga.

<b>Þáttur</b>	<b>Mörk</b>
Maurasýra og aðrar sýrur	2.100 kg
Bólusetningarefni	95.140 ml
Bætiefni	16.000 ml
Lyf	104.350 ml

#### 3.4.3 Auðlindir

Auðlindir sem nýttar eru við rekstur svínabúsins eru fyrst og fremst orka og vatn. Notkun auðlindanna á árinu 2003 var eftirfarandi:

<b>Þáttur</b>	<b>Gildi</b>
Rafmagn	714.705 kWst
Olía, bensín	19.065 lítrar
Kalt vatn	
Heitt vatn	26.624 rúmmetrar

Ekki liggur fyrir mæling á notkun kalds vatns.

### 3.5 Umhverfispættir

#### 3.5.1 Mengunarþættir í framleiðsluferli og -vörum

Í framleiðsluferli svínabúsins er notast við maurasýru og önnur sýruefni til að tryggja rétt sýrustig í fôðurlöndum. Notkun sýruefna er takmörkuð (um 0,05% af heildarfôðurmagni). Líkur á að sýruefnin geti valdið mengun eru því takmarkaðar.

Ekki er um að ræða mengunarefni í framleiðsluvörum svínabúsins. Öll lyf hafa fyrningartíma í skrokki dýranna og eru þeim ekki gefin nein lyf sem ekki eiga að vera að fullu horfin úr blóðrás og vefjum við slátrun.

#### 3.5.2 Mengunarefni í frárennsli

Svínamykju er safnað í flóra og dælt í hreinsivirki. Þar á sér stað aðskilnaður, þannig að þurrhluti mykjunnar er skilinn frá blauthlutanum. Blauthlutanum er dælt út í sjó samkvæmt ákvæðum starfsleyfis. Þurrhluti er settur í þar til gerða geymslu, þaðan sem honum er dreift á tún Brautarholts samkvæmt ákvæðum starfsleyfis.



Magn svínamykju og skipting blaut- og þurrefna var eftirfarandi:

<b>Þáttur</b>	<b>Gildi</b>
Heildarmagn svínamykju	12.230 tonn
Áætlað magn þurrhluti	1.830 tonn
Áætlað magn blauthluti	10.400 tonn

Magn þurrhluta er áætlað þar sem vigtun fer ekki fram.

Mælingar á mengun í frárennsli í samræmi við ákvæði starfsleyfis verða framkvæmdar á haustmánuðum. Sú vinna fer fram í samvinnu við Línuhönnun hf.

### 3.5.3 *Mengunarefni í útblæstri, lyktarmengun*

Nokkur lykt getur fylgt starfsemi svínabúa. Reynt er að lágmarka lyktina eins og nokkur kostur er. M.a. er kappkostað að hafa þurr undir dýrunum og einnig er íblöndunarefnum bætt í flórana til að auka niðurbrot efna í mykjunni. Lofttræst er frá öllum deildum búsin.

Alls voru notað 117 kg af íblöndunarefnum í flórana á árinu 2003.

Engar formlegar kvartanir bárust á árinu vegna lyktarmengunar. Rekstraraðilar eru hins vegar meðvitaðir um þennan áhættuþátt og reyna að lágmarka hugsanlega lyktarmengun.

Notast er við olíu sem orkugjafa á flutningatæki búsin. Flutningatækin hafa mengunarvarnarbúnað sem uppfyllir kröfur opinberra aðila.

### 3.5.4 *Annar lífrænn úrgangur*

Annar lífrænn úrgangur sem kemur frá búinu eru m.a. skrokkar af dýrum sem drepast á búinu, auk úrkasts í sláturhúsum. Á árinu 2003 var alls um að ræða um 99.080 kg af slíkum úrgangi.

Dauðum skrokkum er safnað í gám við svínabúíð og eru skrokkar urðaðir í Álfsnesi.

### 3.5.5 *Annar úrgangur*

Annar úrgangur samanstendur af sorpi frá svínabúunum. Þessi úrgangur er settur í gáma og er hann urðaður í Álfsnesi. Á árinu 2003 var alls um að ræða 28.250 kg af slíkum úrgangi.

### 3.5.6 *Önnur efni sem geta valdið mengun*

Nokkuð er um notkun efna sem geta mengað umhverfi sitt í rekstri svínabúsins. Þ.á.m. má telja málma, rafhlöður og umbúðir undan lyfjum.

4.130 kg af málum var skilað til endurvinnslu á árinu 2003.

Rafhlöðum var ekki safnað á skipulegan hátt, heldur voru þær urðaðar með öðrum úrgangi fyrirtækisins. Um mjög lítið magn var að ræða.

Stefnt er að aukinni flokkun á úrgangi frá búinu þannig að efni eins og lyfjaumbúðir og -afgangar séu aðgreindir frá öðru sorpi.

### 3.5.7 *Eigið eftirlit og skráningar*

Samkvæmt starfsleyfi skal halda eigið eftirlit og skráningar á eftirtöldum þáttum:

- Tæmingu á flórum

- Mánaðarlega stöðu í mykjutönkum
- Þrif á deildum
- Förgun, nýtingu og endurvinnslu úrgangs s.s. dreifing svinamykju/þurrhluta (dags., magn, staðsetningu, vindátt), magn lífræns úrgangs (dýrahæ)
- Notkun íbætiefna í flóra og mykjutanka
- Kvartanir vegna starfsemi búans

Þá skal halda saman upplýsingum um heildarfjölda slátraðra dýra og magn dýra á efri og neðri búum. Þessum upplýsingum skal skilað til Umhverfis- og heilbrigðisstofu.